# Lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

| Gildandi réttur. | Innfelldar breytingar með rauðum texta. |
| --- | --- |
| **II. kafli. Þinghöld, þingbækur o.fl.**<br>■ **9. gr.**<br>☐ [1. Óheimilt er öðrum en dómstólum að hljóðrita eða taka myndir í þinghaldi. Jafnframt er óheimilt að streyma hljóði eða mynd úr þinghaldi eða greina frá því sem sakborningur eða vitni skýrir frá við skýrslutöku meðan á henni stendur. Dómari getur veitt undanþágu frá banni við öllu framangreindu ef sérstaklega stendur á. Ef tekið hefur verið upp hljóð eða teknar myndir í þinghaldi án leyfis dómara er óheimilt að birta þær hljóðupptökur eða myndir. Sama gildir um birtingu hljóð- og myndupptakna af munnlegum framburði sem dómstóll hefur annast. Brot gegn þessari málsgrein varðar sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.] 1)<br>☐ 2. Óheimilt er að skýra opinberlega frá því sem gerist í lokuðu þinghaldi án leyfis dómara. Þótt þinghald sé háð í heyranda hljóði getur dómari bannað að skýrt verði opinberlega frá því sem gerist þar, enda kynni hann ákvörðun sína um það viðstöddum og bóki um hana. Brot gegn þessu varðar sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.<br>☐ 3. Dómara er rétt að vísa manni úr þinghaldi ef návist hans horfir til truflunar þingfriði eða framkoma hans er óviðeigandi í orði eða verki. Ef um aðila er að ræða, fyrirsvarsmann hans eða málflytjanda skal dómari þó að jafnaði áminna hann og gefa honum kost á að bæta ráð sitt áður en af brottvísun verður. Ákvörðun dómara um að víkja manni úr þinghaldi má framfylgja með lögregluvaldi ef með þarf. Bókað skal um brottvikningu manns ef aðili, fyrirsvarsmaður hans eða málflytjandi á í hlut. | **II. kafli. Þinghöld, þingbækur o.fl.**<br>■ **9. gr.**<br>☐ [1. Óheimilt er öðrum en dómstólum að hljóðrita eða taka myndir í þinghaldi. Jafnframt er óheimilt að streyma hljóði eða mynd úr þinghaldi eða greina frá því sem ~~sakborningur~~ aðili eða vitni skýrir frá við skýrslutöku meðan á henni stendur. Dómari getur veitt undanþágu frá banni við öllu framangreindu ef sérstaklega stendur á. Ef tekið hefur verið upp hljóð eða teknar myndir í þinghaldi án leyfis dómara er óheimilt að birta þær hljóðupptökur eða myndir. Sama gildir um birtingu hljóð- og myndupptakna af munnlegum framburði sem dómstóll hefur annast. Brot gegn þessari málsgrein varðar sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.] [1)]<br>☐ 2. Óheimilt er að skýra opinberlega frá því sem gerist í lokuðu þinghaldi án leyfis dómara. Þótt þinghald sé háð í heyranda hljóði getur dómari bannað að skýrt verði opinberlega frá því sem gerist þar, enda kynni hann ákvörðun sína um það viðstöddum og bóki um hana. Brot gegn þessu varðar sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.<br>☐ 3. Dómara er rétt að vísa manni úr þinghaldi ef návist hans horfir til truflunar þingfriði eða framkoma hans er óviðeigandi í orði eða verki. Ef um aðila er að ræða, fyrirsvarsmann hans eða málflytjanda skal dómari þó að jafnaði áminna hann og gefa honum kost á að bæta ráð sitt áður en af brottvísun verður. Ákvörðun dómara um að víkja manni úr þinghaldi má framfylgja með lögregluvaldi ef með þarf. Bókað skal um brottvikningu manns ef aðili, fyrirsvarsmaður hans eða málflytjandi á í hlut. |

| **XXIV. kafli. [Kæra til Landsréttar.]** | **XXIV. kafli. [Kæra til Landsréttar.]** |
|---|---|
| ■ **147. gr.** | ■ **147. gr.** |
| ☐ [1. Héraðsdómari sendir kæruna til [Landsréttar] 1) og gagnaðila þess sem kærir svo fljótt sem verða má nema hann kjósi sjálfur að fella kærðan úrskurð úr gildi. | ☐ [1. Héraðsdómari sendir kæruna til [Landsréttar] 1) og gagnaðila þess sem kærir svo fljótt sem verða má nema hann kjósi sjálfur að fella kærðan úrskurð úr gildi. |
| ☐ 2. Ef héraðsdómari hefur ekki samið úrskurð skriflega, sbr. 3. mgr. 112. gr., skal hann gera það innan viku og afhenda þeim sem kærir. Dómara er jafnan heimilt að láta skriflegar athugasemdir sínar um kæruefni fylgja [þegar hann sendir kæruna til Landsréttar]. 2) | ☐ 2. Ef héraðsdómari hefur ekki samið úrskurð skriflega, sbr. 3. mgr. 112. gr., skal hann gera það innan viku og afhenda þeim sem kærir. Dómara er jafnan heimilt að láta skriflegar athugasemdir sínar um kæruefni fylgja [þegar hann sendir kæruna til Landsréttar]. 2) |
| ☐ 3. Sá sem kærir úrskurð eða dómsathöfn skal senda [Landsrétti], 1) innan tveggja vikna frá því að kæra hans barst héraðsdómi, þau gögn málsins í fjórriti sem hann telur sérstaklega þörf á til úrlausnar um kæruefnið. Hann skal þá einnig, ef hann kýs, afhenda [Landsrétti] 1) skriflega greinargerð sem geymi kröfur hans og málsástæður sem byggt er á. Hann skal samtímis afhenda gagnaðila eitt eintak kærumálsgagna og greinargerðar. Gögnum skal fylgja skrá um þau og skulu þau vera í því horfi sem [Landsréttur] 1) mælir fyrir um. | ☐ 3. Sá sem kærir úrskurð eða dómsathöfn skal senda [Landsrétti], 1) innan tveggja vikna frá því að kæra hans barst héraðsdómi, þau gögn málsins ~~í fjórriti~~ sem hann telur sérstaklega þörf á til úrlausnar um kæruefnið í þeim fjölda eintaka sem Landsréttur ákveður. Hann skal þá einnig, ef hann kýs, afhenda [Landsrétti] 1) skriflega greinargerð sem geymi kröfur hans og málsástæður sem byggt er á. Hann skal samtímis afhenda gagnaðila eitt eintak kærumálsgagna og greinargerðar. Gögnum skal fylgja skrá um þau og skulu þau vera í því horfi sem [Landsréttur] 1) mælir fyrir um. |
| ☐ 4. Nú afhendir sá er kærir úrskurð eða dómsathöfn ekki greinargerð, ef því er að skipta, og kærumálsgögn til [Landsréttar] 1) innan þess frests sem greinir í 3. mgr. þessarar greinar og verður þá ekki frekar af máli. | ☐ 4. Nú afhendir sá er kærir úrskurð eða dómsathöfn ekki greinargerð, ef því er að skipta, og kærumálsgögn til [Landsréttar] 1) innan þess frests sem greinir í 3. mgr. þessarar greinar og verður þá ekki frekar af máli. |
| ☐ 5. Kæranda er heimilt að byggja á nýjum sönnunargögnum og skal þá farið að svo sem segir í 2. mgr. 145. gr. | ☐ 5. Kæranda er heimilt að byggja á nýjum sönnunargögnum og skal þá farið að svo sem segir í 2. mgr. 145. gr. |
| ☐ 6. [Landsréttur] 1) setur nánari reglur 3) um frágang málsgagna í kærumálum.] 4) | ☐ 6. [Landsréttur] 1) setur nánari reglur 3) um frágang málsgagna í kærumálum.] 4) |
| ■ **148. gr.** | ■ **148. gr.** |
| ☐ [Þegar sá sem kærir úrskurð eða dómsathöfn hefur afhent [Landsrétti] 1) málsgögn skal gagnaðilinn eiga þess kost að skila innan viku til [Landsréttar] 1) skriflegri greinargerð sem geymi kröfur hans og málsástæður sem byggt er á. Telji hann skorta á að kærandi hafi afhent [Landsrétti] 1) þau gögn máls sem þörf sé á til að leysa úr kæruefninu getur hann látið fylgja greinargerð sinni þau málsgögn | ☐ [Þegar sá sem kærir úrskurð eða dómsathöfn hefur afhent [Landsrétti] 1) málsgögn skal gagnaðilinn eiga þess kost að skila innan viku til [Landsréttar] 1) skriflegri greinargerð sem geymi kröfur hans og málsástæður sem byggt er á. Frest sem samkvæmt því myndi renna út á tímabilunum frá og með 22. desember til og með 4. janúar og frá og með skírdegi til og með annars dags páska, má þó lengja sem |

| | |
|---|---|
| sem hann telur vanta. [Hann skal samtímis afhenda þeim sem kærði eitt eintak greinargerðar og málsgagna sem henni fylgja.] 2) Kjósi gagnaðili að afhenda gögn af sinni hálfu skal það gert í því horfi sem [Landsréttur] 1) mælir fyrir um.] 3) | svarar þeim dagafjölda. Telji hann skorta á að kærandi hafi afhent [Landsrétti] 1) þau gögn máls sem þörf sé á til að leysa úr kæruefninu getur hann látið fylgja greinargerð sinni þau málsgögn sem hann telur vanta. [Hann skal samtímis afhenda þeim sem kærði eitt eintak greinargerðar og málsgagna sem henni fylgja.] 2) Kjósi gagnaðili að afhenda gögn af sinni hálfu skal það gert í því horfi sem [Landsréttur] 1) mælir fyrir um.] 3) |
| **XXV. kafli. [Áfrýjun til Landsréttar.]**<br>■ **153. gr.**<br>☐ 1. [Dómi verður áfrýjað til [æðri dóms innan fjögurra vikna] 1) frá uppkvaðningu hans.<br>☐ 2. [Landsréttur] 2) getur orðið við umsókn um leyfi til að áfrýja dómi sem berst [næstu fjórar vikur] 1) eftir lok frests skv. 1. mgr. ef skilyrðum 4. mgr. 152. gr. er fullnægt, enda sé dráttur á áfrýjun nægilega réttlættur.<br>☐ 3. Nú áfrýjar aðili dómi og er gagnaðila þá heimilt að gagnáfrýja án tillits til áfrýjunarfrests, en stefnu til gagnáfrýjunar verður að gefa út meðan hann nýtur enn frests til að leggja fram greinargerð fyrir [Landsrétti], 2) sbr. 1. mgr. 158. gr.<br>☐ 4. Ef mál, sem hefur verið áfrýjað til [Landsréttar] 2) innan frests skv. 1.–3. mgr., verður ekki þingfest, það fellur þar niður eða því er vísað þaðan frá dómi er aðila heimilt að skjóta því þangað aftur þótt áfrýjunarfrestur sé þá liðinn. Ber þá að fá áfrýjunarstefnu gefna út á ný innan fjögurra vikna frá því málið átti að þingfesta eða uppkvaðningu dóms um niðurfellingu þess eða frávísun. Þessari heimild verður ekki beitt oftar en einu sinni í máli.] | **XXV. kafli. [Áfrýjun til Landsréttar.]**<br>■ **153. gr.**<br>☐ 1. [Dómi verður áfrýjað til [æðri dóms innan fjögurra vikna] 1) frá uppkvaðningu hans.<br>☐ 2. [Landsréttur] 2) getur orðið við umsókn um leyfi til að áfrýja dómi sem berst [næstu fjórar vikur] 1) eftir lok frests skv. 1. mgr. ef skilyrðum 4. mgr. 152. gr. er fullnægt, enda sé dráttur á áfrýjun nægilega réttlættur.<br>☐ 3. Nú áfrýjar aðili dómi og er gagnaðila þá heimilt að gagnáfrýja án tillits til áfrýjunarfrests, en stefnu til gagnáfrýjunar verður að gefa út meðan hann nýtur enn frests til að leggja fram greinargerð fyrir [Landsrétti], 2) sbr. 1. mgr. 158. gr.<br>☐ 4. Ef mál, sem hefur verið áfrýjað til [Landsréttar] 2) innan frests skv. 1.–3. mgr., verður ekki þingfest, það fellur þar niður eða því er vísað þaðan frá dómi er aðila heimilt að skjóta því þangað aftur þótt áfrýjunarfrestur sé þá liðinn. Ber þá að fá áfrýjunarstefnu gefna út á ný innan fjögurra vikna frá því málið átti að þingfesta eða ~~uppkvaðningu dóms um~~ frá niðurfellingu þess eða frávísun. Þessari heimild verður ekki beitt oftar en einu sinni í máli og á hún ekki við um gagnáfrýjunarstefnu nema áfrýjunarstefna í aðalsök hafi verið gefin út að nýju eða að gagnsök hafi verið vísað frá Landsrétti. |
| ■ **[158. gr.**<br>☐ [1. Nú hyggst stefndi skila greinargerð í máli og skal þá ~~bréfleg~~ tilkynning hans um það berast Landsrétti innan frests sem honum var settur í þessu skyni í áfrýjunarstefnu. Þegar mál er þingfest ákveður skrifstofa Landsréttar stefnda frest í fjórar til sex vikur | ■ **[158. gr.**<br>☐ [1. Nú hyggst stefndi skila greinargerð í máli og skal þá bréfleg tilkynning hans um það berast Landsrétti innan frests sem honum var settur í þessu skyni í áfrýjunarstefnu. Þegar mál er þingfest ákveður skrifstofa Landsréttar stefnda frest í fjórar til sex vikur |

| | |
|---|---|
| til að skila greinargerð. Áfrýjanda skal tilkynnt um þann frest sem stefnda er veittur. Skal stefndi senda áfrýjanda eintak af greinargerð og öðrum málsgögnum sem hann leggur fram.] 1) | til að skila greinargerð. Frest sem samkvæmt því myndi renna út á tímabilunum frá og með 15. júlí til og með 14. ágúst, frá og með 22. desember til og með 4. janúar og frá og með skírdegi til og með annars dags páska, má þó lengja sem svarar þeim dagafjölda. Áfrýjanda skal tilkynnt um þann frest sem stefnda er veittur. Skal stefndi senda áfrýjanda eintak af greinargerð og öðrum málsgögnum sem hann leggur fram.] 1) |
| ☐ 2. Gagnáfrýjun veitir ekki stefnda rétt til sjálfstæðs frests. | ☐ 2. Gagnáfrýjun veitir ekki stefnda rétt til sjálfstæðs frests. |
| ☐ 3. Berist [Landsrétti] 2) ekki tilkynning skv. 1. mgr. eða skili stefndi ekki greinargerð innan þess frests sem honum hefur verið settur skal litið svo á að hann krefjist staðfestingar héraðsdóms. Skal málið þá dómtekið, en fyrst má þó veita áfrýjanda skamman frest til að ljúka gagnaöflun sem hann hefur boðað í greinargerð. [Landsréttur] 2) kveður upp dóm í málinu á grundvelli fyrirliggjandi gagna [og að jafnaði] 3) án munnlegs flutnings. | ☐ 3. Berist [Landsrétti] 2) ekki tilkynning skv. 1. mgr. eða skili stefndi ekki greinargerð innan þess frests sem honum hefur verið settur skal litið svo á að hann krefjist staðfestingar héraðsdóms. Skal málið þá dómtekið, en fyrst má þó veita áfrýjanda skamman frest til að ljúka gagnaöflun sem hann hefur boðað í greinargerð. [Landsréttur] 2) kveður upp dóm í málinu á grundvelli fyrirliggjandi gagna [og að jafnaði] 3) án munnlegs flutnings. |
| ☐ 4. Hafi stefndi skilað greinargerð en þingsókn fellur niður af hans hálfu á síðara stigi máls má gefa áfrýjanda kost á að svara vörnum hans í skriflegri sókn og ljúka gagnaöflun. Skal málið síðan dómtekið og dómur lagður á það eftir framkomnum kröfum, gögnum og sókn áfrýjanda með tilliti til þess sem hefur komið fram af hálfu stefnda. | ☐ 4. Hafi stefndi skilað greinargerð en þingsókn fellur niður af hans hálfu á síðara stigi máls má gefa áfrýjanda kost á að svara vörnum hans í skriflegri sókn og ljúka gagnaöflun. Skal málið síðan dómtekið og dómur lagður á það eftir framkomnum kröfum, gögnum og sókn áfrýjanda með tilliti til þess sem hefur komið fram af hálfu stefnda. |
| ☐ 5. Nú hefur stefndi ekki skilað greinargerð og getur þá [Landsréttur] 2) allt að einu heimilað honum að taka til varna í máli með eða án samþykkis áfrýjanda, enda séu miklir hagsmunir í húfi fyrir hann og vanræksla hans þyki afsakanleg. Eins má fara að ef þingsókn stefnda fellur niður á síðara stigi máls.] | ☐ 5. Nú hefur stefndi ekki skilað greinargerð og getur þá [Landsréttur] 2) allt að einu heimilað honum að taka til varna í máli með eða án samþykkis áfrýjanda, enda séu miklir hagsmunir í húfi fyrir hann og vanræksla hans þyki afsakanleg. Eins má fara að ef þingsókn stefnda fellur niður á síðara stigi máls.] |
| **[XXVI. kafli. Kæra til Hæstaréttar.]** | **[XXVI. kafli. Kæra til Hæstaréttar.]** |
| ■ **[167. gr.** | ■ **[167. gr.** |
| ☐ 1. [Dómsathafnir] 1) Landsréttar um eftirfarandi sæta kæru til Hæstaréttar: | ☐ 1. [Dómsathafnir] 1) Landsréttar um eftirfarandi sæta kæru til Hæstaréttar: |
| a. frávísun frá héraðsdómi eða Landsrétti eða niðurfellingu máls að hluta eða að öllu leyti fyrir héraðsdómi eða Landsrétti [ef ekki er um að ræða staðfestingu á slíkri dómsathöfn héraðsdóms], 1) | a. frávísun frá héraðsdómi eða Landsrétti eða niðurfellingu máls að hluta eða að öllu leyti fyrir héraðsdómi eða Landsrétti [ef ekki er um að ræða staðfestingu á slíkri dómsathöfn héraðsdóms], 1) |

| | |
|---|---|
| b. hvort dómari Landsréttar víki sæti í máli,<br>c. málskostnaðartryggingu fyrir Landsrétti,<br>d. [úrskurð um] 1) réttarfarssekt fyrir Landsrétti,<br>e. skyldu vitnis skv. 53. gr. til að svara spurningu. | b. hvort dómari Landsréttar víki sæti í máli,<br>c. málskostnaðartryggingu fyrir Landsrétti,<br>d. [úrskurð um] 1) réttarfarssekt fyrir Landsrétti,<br>e. skyldu vitnis skv. 53. gr. til að svara spurningu. |
| ☐ 2. Unnt er að sækja um leyfi Hæstaréttar til að kæra úrskurði Landsréttar í kærumálum þegar svo er fyrir mælt í öðrum lögum. Við mat á því hvort Hæstiréttur eigi að samþykkja að taka slíkt kæruefni til meðferðar skal líta til þess hvort kæruefnið varði mikilsverða almannahagsmuni, hafi fordæmisgildi eða grundvallarþýðingu fyrir meðferð málsins. Þá getur Hæstiréttur tekið kæruefni til meðferðar ef ástæða er til að ætla að hin kærða dómsathöfn sé bersýnilega röng að formi eða efni. | ☐ 2. Unnt er að sækja um leyfi Hæstaréttar til að kæra úrskurði Landsréttar í kærumálum þegar svo er fyrir mælt í öðrum lögum. Við mat á því hvort Hæstiréttur eigi að samþykkja að taka slíkt kæruefni til meðferðar skal líta til þess hvort kæruefnið varði mikilsverða almannahagsmuni, hafi fordæmisgildi eða grundvallarþýðingu fyrir meðferð málsins. Þá getur Hæstiréttur tekið kæruefni til meðferðar ef ástæða er til að ætla að hin kærða dómsathöfn sé bersýnilega röng að formi eða efni. |
| | ☐ 3. Unnt er að sækja um leyfi til að kæra til Hæstaréttar dómsathöfn Landsréttar um önnur atriði en í 1. mgr. greinir. Við mat á því hvort Hæstiréttur eigi að samþykkja að taka slíkt kæruefni til meðferðar skal líta til þess hvort kæruefnið hafi fordæmisgildi eða grundvallarþýðingu fyrir meðferð málsins. Þá getur Hæstiréttur tekið kæruefni til meðferðar ef ástæða er til að ætla að hin kærða dómsathöfn sé bersýnilega röng að formi eða efni. |
| ☐ 3. Hæstiréttur getur þó á hvaða stigi máls sem er synjað að taka kæruefni skv. 1. og 2. mgr. til meðferðar ef rétturinn telur kæru tilefnislausa eða augljóslega setta fram í þeim tilgangi að tefja framgang máls.] 2) | ☐ 4. Hæstiréttur getur þó á hvaða stigi máls sem er synjað að taka kæruefni skv. 1., 2. og 3~~2~~. mgr. til meðferðar ef rétturinn telur kæru tilefnislausa eða augljóslega setta fram í þeim tilgangi að tefja framgang máls.] 2) |
| **[XXVII. kafli. Áfrýjun til Hæstaréttar.]**<br>■ **[171. gr.**<br>☐ 1. Landsréttur sendir kæru, [ef við á með ósk um kæruleyfi], 1) til Hæstaréttar og gagnaðila þess sem kærir svo fljótt sem verða má nema hann kjósi sjálfur að fella kærða dómsathöfn úr gildi.<br>☐ 2. Sá sem kærir, [ef við á með kæruleyfi, dómsathöfn] 1) Landsréttar skal senda Hæstarétti, innan viku frá því að Landsréttur sendi Hæstarétti kæru eða [ósk um] 2) kæruleyfi, þau gögn málsins í [sex eintökum] 1) sem hann telur sérstaklega þörf | **[XXVII. kafli. Áfrýjun til Hæstaréttar.]**<br>■ **[171. gr.**<br>☐ 1. Landsréttur sendir kæru, [ef við á með ósk um kæruleyfi], 1) til Hæstaréttar og gagnaðila þess sem kærir svo fljótt sem verða má nema hann kjósi sjálfur að fella kærða dómsathöfn úr gildi.<br>☐ 2. Sá sem kærir, [ef við á með kæruleyfi, dómsathöfn] 1) Landsréttar skal senda Hæstarétti, innan viku frá því að Landsréttur sendi Hæstarétti kæru eða [ósk um] 2) kæruleyfi, þau gögn málsins ~~í [sex eintökum] 1)~~ sem hann telur sérstaklega þörf |

| | |
|---|---|
| á til úrlausnar um kæruefnið. Hann skal þá einnig … [2] afhenda Hæstarétti skriflega greinargerð sem geymi kröfur hans og málsástæður sem byggt er á, svo og rökstuðning fyrir því að taka skuli kæru til meðferðar. Hann skal samtímis afhenda gagnaðila eða gagnaðilum eitt eintak kærumálsgagna og greinargerðar. Gögnum skal fylgja skrá um þau og skulu þau vera í því horfi sem Hæstiréttur mælir fyrir um.<br>□ [3. Nú afhendir sá er kærir, [ef við á með ósk um kæruleyfi], [1] ekki kærumálsgögn til Hæstaréttar innan þess frests sem greinir í 2. mgr. og verður þá ekki frekar af máli.] [2]<br>□ 4. Hæstiréttur setur nánari reglur [3] um frágang málsgagna í kærumálum.] [4] | á til úrlausnar um kæruefnið í þeim fjölda eintaka sem Hæstiréttur ákveður. Hann skal þá einnig … [2] afhenda Hæstarétti skriflega greinargerð sem geymi kröfur hans og málsástæður sem byggt er á, svo og rökstuðning fyrir því að taka skuli kæru til meðferðar. Hann skal samtímis afhenda gagnaðila eða gagnaðilum eitt eintak kærumálsgagna og greinargerðar. Gögnum skal fylgja skrá um þau og skulu þau vera í því horfi sem Hæstiréttur mælir fyrir um.<br>□ [3. Nú afhendir sá er kærir, [ef við á með ósk um kæruleyfi], [1] ekki kærumálsgögn til Hæstaréttar innan þess frests sem greinir í 2. mgr. og verður þá ekki frekar af máli.] [2]<br>□ 4. Hæstiréttur setur nánari reglur [3] um frágang málsgagna í kærumálum.] [4] |
| **■ [172. gr.**<br>□ Þegar sá sem kærir úrskurð eða dómsathöfn eða óskar eftir kæruleyfi hefur afhent Hæstarétti málsgögn skal gagnaðilinn eiga þess kost að skila innan viku til Hæstaréttar skriflegri greinargerð sem geymi afstöðu hans til kæruefnis, kröfur og málsástæður sem byggt er á og eftir atvikum afstöðu hans til þess hvort orðið verði við ósk um kæruleyfi. Telji hann skorta á að kærandi hafi afhent Hæstarétti þau gögn máls sem þörf sé á til að leysa úr kæruefninu getur hann látið fylgja greinargerð sinni þau málsgögn sem hann telur vanta. Hann skal samtímis afhenda kæranda eitt eintak kærumálsgagna og greinargerðar. Kjósi gagnaðili að afhenda gögn af sinni hálfu skal það gert í því horfi sem Hæstiréttur mælir fyrir um.] [1] | **■ [172. gr.**<br>□ Þegar sá sem kærir úrskurð eða dómsathöfn eða óskar eftir kæruleyfi hefur afhent Hæstarétti málsgögn skal gagnaðilinn eiga þess kost að skila innan viku til Hæstaréttar skriflegri greinargerð sem geymi afstöðu hans til kæruefnis, kröfur og málsástæður sem byggt er á og eftir atvikum afstöðu hans til þess hvort orðið verði við ósk um kæruleyfi. Frest sem samkvæmt því myndi renna út á tímabilunum frá og með 22. desember til og með 4. janúar og frá og með skírdegi til og með annars dags páska, má þó lengja sem svarar þeim dagafjölda. Telji hann skorta á að kærandi hafi afhent Hæstarétti þau gögn máls sem þörf sé á til að leysa úr kæruefninu getur hann látið fylgja greinargerð sinni þau málsgögn sem hann telur vanta. Hann skal samtímis afhenda kæranda eitt eintak kærumálsgagna og greinargerðar. Kjósi gagnaðili að afhenda gögn af sinni hálfu skal það gert í því horfi sem Hæstiréttur mælir fyrir um.] [1] |
| **■ [175. gr.**<br>□ 1. Heimilt er aðila að óska eftir leyfi til að áfrýja dómi héraðsdóms beint til Hæstaréttar. Slíkt leyfi skal ekki veitt nema þörf sé á að fá endanlega niðurstöðu Hæstaréttar með skjótum hætti og niðurstaða málsins geti verið fordæmisgefandi, haft almenna þýðingu fyrir beitingu réttarreglna eða haft | **■ [175. gr.**<br>□ 1. Heimilt er aðila að óska eftir leyfi til að áfrýja dómi héraðsdóms beint til Hæstaréttar. Slíkt leyfi skal ekki veitt nema ~~þörf sé á að fá endanlega niðurstöðu Hæstaréttar með skjótum hætti og~~ niðurstaða málsins geti ~~verið fordæmisgefandi~~ haft fordæmisgildi, haft almenna þýðingu fyrir beitingu |

| | |
|---|---|
| verulega samfélagslega þýðingu að öðru leyti. Þá skal slíkt leyfi ekki veitt ef málsaðili telur þörf á að leiða vitni í málinu eða enn er uppi ágreiningur um sönnunargildi munnlegs framburðar sem gefinn var fyrir héraðsdómi. Hæstiréttur skal gefa öllum málsaðilum kost á að tjá sig um umsókn áður en ákvörðun er tekin.<br>☐ 2. Ósk um leyfi Hæstaréttar til að áfrýja héraðsdómi til Hæstaréttar skal koma fram í áfrýjunarstefnu sem lögð er fyrir Landsrétt. Slík ósk, ásamt áfrýjunarstefnu til Hæstaréttar, skal jafnframt send Hæstarétti í síðasta lagi þegar áfrýjunarstefna er lögð fyrir Landsrétt, sbr. 155. gr. Fallist Hæstiréttur á áfrýjun til réttarins fer um útgáfu áfrýjunarstefnu eftir 179. gr. og um meðferð málsins fyrir Hæstarétti að öðru leyti eftir þessum kafla. Skal áfrýjandi þá þegar í stað tilkynna Landsrétti að Hæstiréttur hafi fallist á áfrýjun beint til réttarins og verður þá ekki meira af máli fyrir Landsrétti. Hafni Hæstiréttur hins vegar óskinni skal áfrýjandi innan viku tilkynna Landsrétti um höfnunina og eftir atvikum óska eftir að áfrýjunarmáli verði fram haldið fyrir Landsrétti. Landsréttur ákveður þá hvenær stefndi verði í síðasta lagi að tilkynna Landsrétti að hann hafi í hyggju að halda uppi vörnum í málinu, sbr. f-lið 1. mgr. 155. gr. og tilkynnir stefnda þá ákvörðun með sannanlegum hætti. Fer þá um meðferð málsins fyrir Landsrétti að öðru leyti eftir XXV. kafla.<br>☐ 3. Hæstiréttur getur afturkallað leyfi til áfrýjunar beint til Hæstaréttar ef í ljós kemur undir rekstri málsins að þörf er á að leiða vitni í málinu eða enn er uppi ágreiningur um sönnunargildi munnlegs framburðar sem gefinn var fyrir héraðsdómi. Fer þá um frekari áfrýjunarmeðferð eftir lokamálslið 2. mgr.] | réttarreglna eða haft verulega samfélagslega þýðingu að öðru leyti. Þá skal slíkt leyfi ekki veitt ef málsaðili telur þörf á að leiða vitni í málinu eða enn er uppi ágreiningur um sönnunargildi munnlegs framburðar sem gefinn var fyrir héraðsdómi eða enn er deilt um staðreyndir sem sérkunnáttu þarf í dómi til að leysa úr. Hæstiréttur skal gefa öllum málsaðilum kost á að tjá sig um umsókn áður en ákvörðun er tekin.<br>☐ 2. Ósk um leyfi Hæstaréttar til að áfrýja héraðsdómi til Hæstaréttar skal koma fram í áfrýjunarstefnu sem lögð er fyrir Landsrétt. Slík ósk, ásamt áfrýjunarstefnu til Hæstaréttar, skal jafnframt send Hæstarétti í síðasta lagi þegar áfrýjunarstefna er lögð fyrir Landsrétt, sbr. 155. gr. Fallist Hæstiréttur á áfrýjun til réttarins fer um útgáfu áfrýjunarstefnu eftir 179. gr. og um meðferð málsins fyrir Hæstarétti að öðru leyti eftir þessum kafla. Skal áfrýjandi þá þegar í stað tilkynna Landsrétti að Hæstiréttur hafi fallist á áfrýjun beint til réttarins og verður þá ekki meira af máli fyrir Landsrétti. Hafni Hæstiréttur hins vegar óskinni skal áfrýjandi innan viku tilkynna Landsrétti um höfnunina og eftir atvikum óska eftir að áfrýjunarmáli verði fram haldið fyrir Landsrétti. Landsréttur gefur þá út áfrýjunarstefnu og ákveður þá hvenær stefndi verði í síðasta lagi að tilkynna Landsrétti að hann hafi í hyggju að halda uppi vörnum í málinu, sbr. f-lið 1. mgr. 155. gr. og tilkynnir stefnda þá ákvörðun með sannanlegum hætti. Fer þá um meðferð málsins fyrir Landsrétti að öðru leyti eftir XXV. kafla.<br>☐ 3. Hæstiréttur getur afturkallað leyfi til áfrýjunar beint til Hæstaréttar ef í ljós kemur undir rekstri málsins að þörf er á að leiða vitni í málinu eða enn er uppi ágreiningur um sönnunargildi munnlegs framburðar sem gefinn var fyrir héraðsdómi. Fer þá um frekari áfrýjunarmeðferð eftir lokamálslið 2. mgr.] |
| ■ **[180. gr.**<br>☐ 1. Eftir birtingu áfrýjunarstefnu, en áður en fresti stefnda skv. e-lið 1. mgr. 179. gr. lýkur, skal áfrýjandi afhenda Hæstarétti stefnuna ásamt sönnun fyrir birtingu hennar, svo og | ■ **[180. gr.**<br>☐ 1. Eftir birtingu áfrýjunarstefnu, en áður en fresti stefnda skv. e-lið 1. mgr. 179. gr. lýkur, skal áfrýjandi afhenda Hæstarétti stefnuna ásamt sönnun fyrir birtingu hennar, svo og |

| | |
|---|---|
| greinargerð af sinni hálfu. Einnig skal hann þá skila málsgögnum í þeim fjölda eintaka sem Hæstiréttur ákveður en til þeirra teljast þau málsskjöl og endurrit sem áfrýjandi hyggst byggja mál sitt á fyrir Hæstarétti og liggja þegar fyrir. Mál er þá þingfest fyrir Hæstarétti. Ef mál sem hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar verður ekki þingfest, það fellur þar niður eða því er vísað þaðan frá dómi er aðila heimilt að skjóta því þangað aftur þótt áfrýjunarfrestur sé liðinn. Ber þá að fá áfrýjunarstefnu gefna út á ný innan fjögurra vikna frá því að málið átti að þingfesta eða frá uppkvaðningu dóms um niðurfellingu þess eða frávísun. Þessari heimild verður ekki beitt oftar en einu sinni í máli.<br>☐ 2. Í greinargerð áfrýjanda skal koma fram:<br>a. Í hverju skyni sé áfrýjað og hvers áfrýjandi krefjist nákvæmlega fyrir Hæstarétti.<br>b. Málsástæður sem áfrýjandi ber fyrir sig fyrir Hæstarétti. Lýsing þeirra skal vera gagnorð og svo skýr að ekki fari á milli mála á hverju áfrýjun sé byggð, en eftir atvikum getur áfrýjandi vísað um þær til tiltekinna skjala málsins. Felli áfrýjandi sig ekki við lýsingu annarra atvika í hinum áfrýjaða dómi skal hann á sama hátt greina frá hvernig hann telji þeim réttilega lýst.<br>c. Tilvísun til helstu réttarreglna sem áfrýjandi byggir málatilbúnað sinn á fyrir Hæstarétti.<br>d. Gögn sem áfrýjandi leggur þegar fram fyrir Hæstarétti, svo og gögn sem hann telur sig þurfa að afla eftir þann tíma.<br>☐ 3. Þegar mál hefur verið þingfest beinir skrifstofa Hæstaréttar því til þess dómstóls, þar sem leyst var úr máli, að afhenda Hæstarétti dómsgerðir.<br>☐ 4. Hæstiréttur setur nánari reglur [1)] um frágang málsgagna og dómsgerða.] [2)]<br><br>■ **[182. gr.**<br>☐ 1. Nú hyggst stefndi skila greinargerð í máli og skal þá bréfleg tilkynning hans um það berast Hæstarétti innan frests sem honum | greinargerð af sinni hálfu. Einnig skal hann þá skila málsgögnum í þeim fjölda eintaka sem Hæstiréttur ákveður en til þeirra teljast þau málsskjöl og endurrit sem áfrýjandi hyggst byggja mál sitt á fyrir Hæstarétti og liggja þegar fyrir. Mál er þá þingfest fyrir Hæstarétti. Ef mál sem hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar verður ekki þingfest, það fellur þar niður eða því er vísað þaðan frá dómi er aðila heimilt að skjóta því þangað aftur þótt áfrýjunarfrestur sé liðinn. Ber þá að fá áfrýjunarstefnu gefna út á ný innan fjögurra vikna frá því að málið átti að þingfesta eða frá ~~uppkvaðningu dóms um~~ frá niðurfellingu þess eða frávísun. Þessari heimild verður ekki beitt oftar en einu sinni í máli og á hún ekki við um gagnáfrýjunarstefnu nema að áfrýjunarstefna í aðalsök hafi verið gefin út að nýju eða að gagnsök hafi verið vísað frá Hæstarétti.<br>☐ 2. Í greinargerð áfrýjanda skal koma fram:<br>a. Í hverju skyni sé áfrýjað og hvers áfrýjandi krefjist nákvæmlega fyrir Hæstarétti.<br>b. Málsástæður sem áfrýjandi ber fyrir sig fyrir Hæstarétti. Lýsing þeirra skal vera gagnorð og svo skýr að ekki fari á milli mála á hverju áfrýjun sé byggð, en eftir atvikum getur áfrýjandi vísað um þær til tiltekinna skjala málsins. Felli áfrýjandi sig ekki við lýsingu annarra atvika í hinum áfrýjaða dómi skal hann á sama hátt greina frá hvernig hann telji þeim réttilega lýst.<br>c. Tilvísun ,til helstu réttarreglna sem áfrýjandi byggir málatilbúnað sinn á fyrir Hæstarétti.<br>d. Gögn sem áfrýjandi leggur þegar fram fyrir Hæstarétti, svo og gögn sem hann telur sig þurfa að afla eftir þann tíma.<br>☐ 3. Þegar mál hefur verið þingfest beinir skrifstofa Hæstaréttar því til þess dómstóls, þar sem leyst var úr máli, að afhenda Hæstarétti dómsgerðir.<br>☐ 4. Hæstiréttur setur nánari reglur [1)] um frágang málsgagna og dómsgerða.] [2)]<br><br>■ **[182. gr.**<br>☐ 1. Nú hyggst stefndi skila greinargerð í máli og skal þá bréfleg tilkynning hans um það berast Hæstarétti innan frests sem honum |

| | |
|---|---|
| var settur í þessu skyni í áfrýjunarstefnu. Þegar mál er þingfest ákveður skrifstofa Hæstaréttar stefnda frest í fjórar til sex vikur til að skila greinargerð. Áfrýjanda skal tilkynnt um þann frest sem stefnda er veittur. Áfrýjandi skal eigi síðar en við þingfestingu afhenda stefnda eintak málsgagna sem lögð eru fram fyrir Hæstarétti.<br>☐ 2. Gagnáfrýjun veitir ekki stefnda rétt til sjálfstæðs frests.<br>☐ 3. Berist Hæstarétti ekki tilkynning skv. 1. mgr. eða skili stefndi ekki greinargerð innan þess frests sem honum hefur verið settur skal litið svo á að hann krefjist staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Skal málið þá dómtekið en fyrst má þó veita áfrýjanda skamman frest til að ljúka gagnaöflun sem hann hefur boðað í greinargerð. Hæstiréttur kveður upp dóm í málinu á grundvelli fyrirliggjandi gagna [og að jafnaði] 1) án munnlegs flutnings.<br>☐ 4. Hafi stefndi skilað greinargerð en þingsókn fellur niður af hans hálfu á síðara stigi málsins má gefa áfrýjanda kost á að svara vörnum hans í skriflegri sókn og ljúka gagnaöflun. Skal málið síðan dómtekið og dómur lagður á það eftir framkomnum kröfum, gögnum og sókn áfrýjanda með tilliti til þess sem hefur komið fram af hálfu stefnda.<br>☐ 5. Nú hefur stefndi ekki skilað greinargerð og getur þá Hæstiréttur allt að einu heimilað honum að taka til varna í máli með eða án samþykkis áfrýjanda, enda séu miklir hagsmunir í húfi fyrir hann og vanræksla hans þyki afsakanleg. Eins má fara að ef þingsókn stefnda fellur niður á síðara stigi máls.] 2) | var settur í þessu skyni í áfrýjunarstefnu. Þegar mál er þingfest ákveður skrifstofa Hæstaréttar stefnda frest í fjórar til sex vikur til að skila greinargerð. Frest sem samkvæmt því myndi renna út á tímabilunum frá og með 15. júlí til og með 14. ágúst, frá og með 22. desember til og með 4. janúar og frá og með skírdegi til og með annars dags páska, má þó lengja sem svarar þeim dagafjölda. Áfrýjanda skal tilkynnt um þann frest sem stefnda er veittur. Áfrýjandi skal eigi síðar en við þingfestingu afhenda stefnda eintak málsgagna sem lögð eru fram fyrir Hæstarétti.<br>☐ 2. Gagnáfrýjun veitir ekki stefnda rétt til sjálfstæðs frests.<br>☐ 3. Berist Hæstarétti ekki tilkynning skv. 1. mgr. eða skili stefndi ekki greinargerð innan þess frests sem honum hefur verið settur skal litið svo á að hann krefjist staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Skal málið þá dómtekið en fyrst má þó veita áfrýjanda skamman frest til að ljúka gagnaöflun sem hann hefur boðað í greinargerð. Hæstiréttur kveður upp dóm í málinu á grundvelli fyrirliggjandi gagna [og að jafnaði] 1) án munnlegs flutnings.<br>☐ 4. Hafi stefndi skilað greinargerð en þingsókn fellur niður af hans hálfu á síðara stigi málsins má gefa áfrýjanda kost á að svara vörnum hans í skriflegri sókn og ljúka gagnaöflun. Skal málið síðan dómtekið og dómur lagður á það eftir framkomnum kröfum, gögnum og sókn áfrýjanda með tilliti til þess sem hefur komið fram af hálfu stefnda.<br>☐ 5. Nú hefur stefndi ekki skilað greinargerð og getur þá Hæstiréttur allt að einu heimilað honum að taka til varna í máli með eða án samþykkis áfrýjanda, enda séu miklir hagsmunir í húfi fyrir hann og vanræksla hans þyki afsakanleg. Eins má fara að ef þingsókn stefnda fellur niður á síðara stigi máls.] 2) |

# Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

**Gildandi réttur.** **Innfelldar breytingar með rauðum texta.**

| Gildandi réttur | Innfelldar breytingar |
| --- | --- |
| **III. kafli. Ákæruvaldið.**<br>■ **25. gr.**<br>☐ Í héraði flytur ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari eða saksóknari þau mál sem ríkissaksóknari höfðar. Hann getur falið héraðssaksóknara eða lögreglustjóra flutning máls fyrir héraðsdómi og fer þá um mál eftir 2. eða 3. mgr. Þá getur ríkissaksóknari falið héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni flutning máls í héraði og hefur hann þá sömu réttarstöðu og ákærandi.<br>☐ Í héraði flytur héraðssaksóknari, varahéraðssaksóknari, saksóknari, aðstoðarsaksóknari eða saksóknarfulltrúi þau mál sem héraðssaksóknari höfðar. [Þá má ríkissaksóknari] [1] fela lögreglustjóra, héraðsdómslögmanni eða hæstaréttarlögmanni að flytja mál í héraði á sama hátt og segir í 1. mgr.<br>☐ Í héraði annast lögreglustjórar flutning þeirra mála sem þeir höfða. Þeir geta falið aðstoðarlögreglustjóra, aðstoðarsaksóknurum eða saksóknarfulltrúum við embætti sín að flytja þessi mál. Lögreglustjórum er heimilt að fela öðrum lögreglustjórum að sækja þing í máli.<br>☐ Ríkissaksóknari sækir mál fyrir [Landsrétti og] [2] Hæstarétti, sbr. þó 5. mgr. Hann getur falið vararíkissaksóknara, héraðssaksóknara, [varahéraðssaksóknara], [1] saksóknara eða hæstaréttarlögmanni að flytja þau mál. Sé hæstaréttarlögmanni falið að flytja mál fyrir [Landsrétti eða] [2] Hæstarétti hefur hann sömu skyldur og ákærandi.<br>☐ Héraðssaksóknari og lögreglustjórar flytja þau kærumál fyrir [Landsrétti] [3] sem þeir fara með [skv. 7. mgr. 23. gr.] [1] og 5. mgr. 24. gr. Þeim er heimilt að fela öðrum löglærðum starfsmönnum sínum flutning þessara mála, eftir því sem segir í 2. eða 3. mgr. | **III. kafli. Ákæruvaldið.**<br>■ **25. gr.**<br>☐ Í héraði flytur ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari eða saksóknari þau mál sem ríkissaksóknari höfðar. Hann getur falið héraðssaksóknara eða lögreglustjóra flutning máls fyrir héraðsdómi og fer þá um mál eftir 2. eða 3. mgr. Þá getur ríkissaksóknari falið héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni flutning máls í héraði og hefur hann þá sömu réttarstöðu og ákærandi.<br>☐ Í héraði flytur héraðssaksóknari, varahéraðssaksóknari, saksóknari, aðstoðarsaksóknari eða saksóknarfulltrúi þau mál sem héraðssaksóknari höfðar. [Þá má ríkissaksóknari] [1] fela lögreglustjóra, héraðsdómslögmanni eða hæstaréttarlögmanni að flytja mál í héraði á sama hátt og segir í 1. mgr.<br>☐ Í héraði annast lögreglustjórar flutning þeirra mála sem þeir höfða. Þeir geta falið aðstoðarlögreglustjóra, aðstoðarsaksóknurum eða saksóknarfulltrúum við embætti sín að flytja þessi mál. Þá getur ríkislögreglustjóri falið löglærðum starfsmanni sínum að flytja mál sem hann höfðar. Lögreglustjórum er heimilt að fela öðrum lögreglustjórum að sækja þing í máli.<br>☐ Ríkissaksóknari sækir mál fyrir [Landsrétti og] [2] Hæstarétti, sbr. þó 5. mgr. Hann getur falið vararíkissaksóknara, héraðssaksóknara, [varahéraðssaksóknara], [1] saksóknara eða hæstaréttarlögmanni að flytja þau mál. Sé hæstaréttarlögmanni falið að flytja mál fyrir [Landsrétti eða] [2] Hæstarétti hefur hann sömu skyldur og ákærandi.<br>☐ Héraðssaksóknari og lögreglustjórar flytja þau kærumál fyrir [Landsrétti] [3] sem þeir fara með [skv. 7. mgr. 23. gr.] [1] og 5. mgr. 24. gr. Þeim er heimilt að fela öðrum löglærðum starfsmönnum sínum flutning þessara mála, eftir því sem segir í 2. eða 3. mgr. |

| | |
|---|---|
| **XIV. kafli. Gæsluvarðhald og aðrar sambærilegar ráðstafanir.**<br>■ **98. gr.**<br>☐ Dómari skal að jafnaði leggja úrskurð á kröfu um gæsluvarðhald svo fljótt sem verða má. Ávallt er skylt að kveða upp úrskurð innan 24 klukkustunda frá þeim tíma að sakborningur, sem handtekinn hefur verið, kom fyrir dóm, sbr. 94. gr.<br>☐ Nú er þess krafist að sakborningur skuli sæta einangrun í gæsluvarðhaldi skv. b-lið 1. mgr. 99. gr. og á dómari þá að taka afstöðu til þeirrar kröfu í úrskurði. Ekki má úrskurða sakborning til að sæta einangrun nema hún sé nauðsynleg af þeim ástæðum sem greindar eru í a- eða d-lið 1. mgr. 95. gr. Hún má ekki standa samfleytt lengur en í fjórar vikur nema sá sem henni sætir sé sakaður um brot sem varðað getur að lögum 10 ára fangelsi. Enn fremur tekur dómari í úrskurði afstöðu til kröfu um hver tilhögun gæsluvarðhaldsvistar skuli vera að öðru leyti, sbr. 3. mgr. 99. gr. | **XIV. kafli. Gæsluvarðhald og aðrar sambærilegar ráðstafanir.**<br>■ **98. gr.**<br>☐ Dómari skal að jafnaði leggja úrskurð á kröfu um gæsluvarðhald svo fljótt sem verða má. Ávallt er skylt að kveða upp úrskurð innan 24 klukkustunda frá þeim tíma að sakborningur, sem handtekinn hefur verið, kom fyrir dóm, sbr. 94. gr. Ef óskað er eftir framlengingu gæsluvarðhalds og slík krafa er tekin fyrir af dómara áður en það rennur út fellur það ekki niður meðan á slíkum fresti stendur.<br>☐ Nú er þess krafist að sakborningur skuli sæta einangrun í gæsluvarðhaldi skv. b-lið 1. mgr. 99. gr. og á dómari þá að taka afstöðu til þeirrar kröfu í úrskurði. Ekki má úrskurða sakborning til að sæta einangrun nema hún sé nauðsynleg af þeim ástæðum sem greindar eru í a- eða d-lið 1. mgr. 95. gr. Hún má ekki standa samfleytt lengur en í fjórar vikur nema sá sem henni sætir sé sakaður um brot sem varðað getur að lögum 10 ára fangelsi. Enn fremur tekur dómari í úrskurði afstöðu til kröfu um hver tilhögun gæsluvarðhaldsvistar skuli vera að öðru leyti, sbr. 3. mgr. 99. gr. |
| **XV. kafli. Meðferð rannsóknarmála fyrir dómi.**<br>■ **104. gr.**<br>☐ Nú er krafa gerð um rannsóknaraðgerð sem 1. mgr. 102. gr. tekur til og þess er þar beiðst að hún hljóti meðferð fyrir dómi án þess að sakborningur eða annar sá sem hún beinist að verði kvaddur á dómþing og skal þá dómari taka ákvörðun um hvort orðið skuli við þeirri beiðni. Það skal að jafnaði ekki gert nema dómari telji það nægilega rökstutt að vitneskja um aðgerðina fyrir fram hjá sakborningi eða þeim sem hún á að beinast að geti spillt fyrir rannsókn. Fallist dómari á að taka kröfuna fyrir á dómþingi án þess að kveðja þangað sakborning eða þann sem hún beinist að tilkynnir hann þeim sem kröfuna gerir um stað og stund til þinghalds sem háð skal svo fljótt sem verða má.<br>☐ Verði ekki farið með kröfu skv. 102. gr. á þann hátt sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar ákveður dómari stað og stund til þinghalds og tilkynnir það þeim sem kröfuna | **XV. kafli. Meðferð rannsóknarmála fyrir dómi.**<br>■ **104. gr.**<br>☐ Nú er krafa gerð um rannsóknaraðgerð sem 1. mgr. 102. gr. tekur til og þess er þar beiðst að hún hljóti meðferð fyrir dómi án þess að sakborningur eða annar sá sem hún beinist að verði kvaddur á dómþing og skal þá dómari taka ákvörðun um hvort orðið skuli við þeirri beiðni. Það skal að jafnaði ekki gert nema dómari telji það nægilega rökstutt að vitneskja um aðgerðina fyrir fram hjá sakborningi eða þeim sem hún á að beinast að geti spillt fyrir rannsókn. Fallist dómari á að taka kröfuna fyrir á dómþingi án þess að kveðja þangað sakborning eða þann sem hún beinist að tilkynnir hann þeim sem kröfuna gerir um stað og stund til þinghalds sem háð skal svo fljótt sem verða má. Þangað skal einungis kveðja þann sem kröfuna gerir ef nauðsyn ber til.<br>☐ Verði ekki farið með kröfu skv. 102. gr. á þann hátt sem um ræðir í 1. mgr. þessarar |

| | |
|---|---|
| gerði, svo og eftir atvikum [lögreglustjóra, ákæranda], [1)] sakborningi eða verjanda ellegar þeim öðrum sem kröfu er beint að, nema dómari telji slíka annmarka á kröfunni að vísa beri henni þegar frá dómi með úrskurði. Ef tilkynning um þinghald er skrifleg skal henni að jafnaði fylgja afrit af kröfu sem þar á að taka fyrir. Heimilt er dómara að fela lögreglu eða ákæranda að koma á framfæri tilkynningu um þinghald.<br>☐ Ef sá sem kröfu gerir mætir ekki í þinghaldi skal fella málið niður en úrskurða má sakborningi eða öðrum sem sótt hefur þinghaldið ómaksbætur úr hendi hans. | greinar ákveður dómari stað og stund til þinghalds og tilkynnir það þeim sem kröfuna gerði, svo og eftir atvikum [lögreglustjóra, ákæranda], [1)] sakborningi eða verjanda ellegar þeim öðrum sem kröfu er beint að, nema dómari telji slíka annmarka á kröfunni að vísa beri henni þegar frá dómi með úrskurði. Ef tilkynning um þinghald er skrifleg skal henni að jafnaði fylgja afrit af kröfu sem þar á að taka fyrir. Heimilt er dómara að fela lögreglu eða ákæranda að koma á framfæri tilkynningu um þinghald.<br>☐ Ef sá sem kröfu gerir mætir ekki í þinghaldi skal fella málið niður, sbr. þó lokamálsliður 1. mgr., en úrskurða má sakborningi eða öðrum sem sótt hefur þinghaldið ómaksbætur úr hendi hans, ef sá sem kröfuna gerir og sakborningur eða sá sem kröfu er beint að voru kvaddir á dómþing. |
| **XXII. kafli. Almennar reglur um saksókn.**<br>■ **146. gr.**<br>☐ Málsókn fellur niður ef sakborningur gengst undir eða honum eru ákveðin viðurlög skv. XXIII. kafla, sbr. þó 3. mgr. 148. gr. og 4. mgr. 149. gr.<br>☐ Falla má frá saksókn með því að fresta ákæru skilorðsbundið samkvæmt almennum hegningarlögum.<br>☐ Enn fremur má falla frá saksókn þegar svo stendur á sem hér segir:<br>a. ef brot er smávægilegt eða fyrirsjáanlegt er að umfang málsins verði í verulegu ósamræmi við þá refsingu sem vænta má,<br>b. ef sakborningur og brotaþoli hafa komist að samkomulagi og sakborningur hefur efnt það fyrir sitt leyti,<br>c. ef sakborningur virðist vera ósakhæfur og ekki er nauðsynlegt að gera kröfu um að hann verði beittur öryggisráðstöfunum,<br>d. ef brot hefur valdið sakborningi sjálfum óvenjulega miklum þjáningum eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því að fallið sé frá saksókn, enda verði að telja að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar.<br>☐ Nú kemur til greina að sækja mann til sakar í einu máli út af fleiri brotum og er þá heimilt að falla frá saksókn vegna þeirra brota | **XXII. kafli. Almennar reglur um saksókn.**<br>■ **146. gr.**<br>☐ Málsókn fellur niður ef sakborningur gengst undir eða honum eru ákveðin viðurlög skv. XXIII. kafla, sbr. þó 3. mgr. 148. gr. og 4. mgr. 149. gr.<br>☐ Falla má frá saksókn með því að fresta ákæru skilorðsbundið samkvæmt almennum hegningarlögum.<br>☐ Enn fremur má falla frá saksókn þegar svo stendur á sem hér segir:<br>a. ef brot er smávægilegt eða fyrirsjáanlegt er að umfang málsins verði í verulegu ósamræmi við þá refsingu sem vænta má,<br>b. ef sakborningur og brotaþoli hafa komist að samkomulagi, að undangenginni sáttameðferð, og sakborningur hefur efnt það fyrir sitt leyti,<br>c. ef sakborningur virðist vera ósakhæfur og ekki er nauðsynlegt að gera kröfu um að hann verði beittur öryggisráðstöfunum,<br>d. ef brot hefur valdið sakborningi sjálfum óvenjulega miklum þjáningum eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því að fallið sé frá saksókn, enda verði að telja að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar.<br>☐ Nú kemur til greina að sækja mann til sakar í einu máli út af fleiri brotum og er þá |

| | |
|---|---|
| sem ætla má að skipti engu eða óverulegu máli við ákvörðun viðurlaga. Enn fremur má falla frá saksókn ef maður, sem búið er að dæma fyrir brot, verður uppvís að því að hafa framið annað eða önnur brot áður en hann var dæmdur, enda megi ætla að ekki verði um frekari refsingu að ræða þótt sakfellt yrði fyrir þau brot.<br>☐ [Í málum þar sem héraðssaksóknari eða lögreglustjóri fer með ákæruvald getur hann fallið frá saksókn. Nú telur hann ástæðu til að falla frá saksókn skv. 2.–4. mgr. en vafa leika á heimild til þess og skal hann þá senda ríkissaksóknara málið til ákvörðunar.] | heimilt að falla frá saksókn vegna þeirra brota sem ætla má að skipti engu eða óverulegu máli við ákvörðun viðurlaga. Enn fremur má falla frá saksókn ef maður, sem búið er að dæma fyrir brot, verður uppvís að því að hafa framið annað eða önnur brot áður en hann var dæmdur, enda megi ætla að ekki verði um frekari refsingu að ræða þótt sakfellt yrði fyrir þau brot.<br>☐ [Í málum þar sem héraðssaksóknari eða lögreglustjóri fer með ákæruvald getur hann fallið frá saksókn. Nú telur hann ástæðu til að falla frá saksókn skv. 2.–4. mgr. en vafa leika á heimild til þess og skal hann þá senda ríkissaksóknara málið til ákvörðunar.] |
| **■ [213. gr.**<br>☐ Telji Landsréttur annmarka vera á kæru getur hann gefið kæranda skamman frest til lagfæringa. Að öðrum kosti sendir dómsformaður kæruna til Hæstaréttar svo fljótt sem verða má ásamt endurritum úr þingbók og öðrum gögnum málsins sem varða kæruefnið nema Landsréttur telji rétt að fella sjálfur úrskurð sinn úr gildi. Gögnin sendir Landsréttur í [sex eintökum] [1)] ásamt athugasemdum sínum ef hann vill.<br>☐ Nú hefur kæru ekki verið lýst yfir í þinghaldi að viðstöddum gagnaðila kæranda og skal Landsréttur þá tilkynna gagnaðilanum tafarlaust um hana, enda hafi ekki verið farið með málið án þess að honum væri kunngert það. Hafi Landsréttur ekki þegar sent Hæstarétti kærumálið getur hann um leið gefið gagnaðilanum kost á að afhenda Landsrétti skriflega greinargerð sem geymi kröfur hans og röksemdir varðandi kæruefni. Heimilt er að láta skrifleg gögn fylgja þeirri greinargerð, enda sé þess getið þar hvað sanna eigi með þeim. Hafi greinargerð ekki verið afhent Landsrétti áður en hann sendir Hæstarétti málsgögnin skal henni beint til réttarins.<br>☐ Aðilar kærumáls geta hvor eða hver fyrir sitt leyti sent Hæstarétti greinargerð með því efni sem greinir í 2. mgr. ásamt nýjum gögnum innan sólarhrings eftir að málið hefur borist réttinum. Aðili skal samhliða því senda gagnaðila sínum afrit af greinargerðinni, enda hafi ekki verið farið | **■ [213. gr.**<br>☐ Telji Landsréttur annmarka vera á kæru getur hann gefið kæranda skamman frest til lagfæringa. Að öðrum kosti sendir dómsformaður kæruna til Hæstaréttar svo fljótt sem verða má ásamt endurritum úr þingbók og öðrum gögnum málsins sem varða kæruefnið nema Landsréttur telji rétt að fella sjálfur úrskurð sinn úr gildi. Gögnin sendir Landsréttur í ~~[sex eintökum] [1)]~~ þeim fjölda eintaka sem Hæstiréttur mælir fyrir um ásamt athugasemdum sínum ef hann vill.<br>☐ Nú hefur kæru ekki verið lýst yfir í þinghaldi að viðstöddum gagnaðila kæranda og skal Landsréttur þá tilkynna gagnaðilanum tafarlaust um hana, enda hafi ekki verið farið með málið án þess að honum væri kunngert það. Hafi Landsréttur ekki þegar sent Hæstarétti kærumálið getur hann um leið gefið gagnaðilanum kost á að afhenda Landsrétti skriflega greinargerð sem geymi kröfur hans og röksemdir varðandi kæruefni. Heimilt er að láta skrifleg gögn fylgja þeirri greinargerð, enda sé þess getið þar hvað sanna eigi með þeim. Hafi greinargerð ekki verið afhent Landsrétti áður en hann sendir Hæstarétti málsgögnin skal henni beint til réttarins.<br>☐ Aðilar kærumáls geta hvor eða hver fyrir sitt leyti sent Hæstarétti greinargerð með því efni sem greinir í 2. mgr. ásamt nýjum gögnum innan sólarhrings eftir að málið hefur borist réttinum. Aðili skal samhliða því senda gagnaðila sínum afrit af |

| | |
|---|---|
| með málið fyrir héraðsdómi án þess að honum væri kunngert það.] [2] | greinargerðinni, enda hafi ekki verið farið með málið fyrir héraðsdómi án þess að honum væri kunngert það.] [2] |

## Lög um dómstóla, 50/2016.

**Gildandi réttur.** **Innfelldar breytingar með rauðum texta.**

| | |
|---|---|
| **III. kafli. Skipun dómara.**<br>■ **11. gr.** *Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara.*<br>☐ Ráðherra skipar fimm aðalmenn og jafnmarga varamenn í dómnefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara, landsréttardómara og héraðsdómara [sem og embætti dómenda við Endurupptökudóm]. [1] Einn nefndarmanna skal tilnefndur af Hæstarétti og skal hann vera formaður nefndarinnar. Einn nefndarmanna skal tilnefndur af Landsrétti. Dómstólasýslan tilnefnir þriðja nefndarmanninn og skal hann ekki vera starfandi dómari en Lögmannafélags Íslands þann fjórða. Fimmti nefndarmaðurinn skal kosinn af Alþingi. Tilnefningaraðilar skulu tilnefna bæði karl og konu, jafnt í sæti aðalmanns sem varamanns, en heimilt er að víkja frá því þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ráðherra skal gæta þess við skipun í nefndina að kröfum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla við skipun í ráð og nefndir sé fullnægt. Skipunartími í nefndina er fimm ár en þó þannig að hvert ár renni út skipunartími eins nefndarmanns. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oftar en tvisvar samfleytt.<br>☐ Dómnefndin hefur aðstöðu hjá dómstólasýslunni.<br><br>**IV. kafli. Hæstiréttur Íslands.**<br>■ **17. gr.**<br>*Varadómarar.*<br>☐ Nú geta færri en fimm, eða eftir atvikum sjö, hæstaréttardómarar tekið þátt í meðferð máls vegna vanhæfis, leyfis eða annarra | **III. kafli. Skipun dómara.**<br>■ **11. gr.** *Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara.*<br>☐ Ráðherra skipar fimm aðalmenn og jafnmarga varamenn í dómnefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara, landsréttardómara og héraðsdómara [sem og embætti dómenda við Endurupptökudóm]. [1] Einn nefndarmanna skal tilnefndur af Hæstarétti og skal hann vera formaður nefndarinnar. Einn nefndarmanna skal tilnefndur af Landsrétti. Dómstólasýslan tilnefnir þriðja nefndarmanninn ~~og skal hann ekki vera starfandi dómari~~ en Lögmannafélags Íslands þann fjórða. Fimmti nefndarmaðurinn skal kosinn af Alþingi. Tilnefningaraðilar skulu tilnefna bæði karl og konu, jafnt í sæti aðalmanns sem varamanns, en heimilt er að víkja frá því þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ráðherra skal gæta þess við skipun í nefndina að kröfum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla við skipun í ráð og nefndir sé fullnægt. Skipunartími í nefndina er fimm ár en þó þannig að hvert ár renni út skipunartími eins nefndarmanns. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oftar en tvisvar samfleytt.<br>☐ Dómnefndin hefur aðstöðu hjá dómstólasýslunni.<br><br>**IV. kafli. Hæstiréttur Íslands.**<br>■ **17. gr.**<br>*Varadómarar.*<br>☐ Nú geta færri en fimm, eða eftir atvikum sjö, hæstaréttardómarar tekið þátt í meðferð máls vegna vanhæfis, leyfis eða annarra |

| | |
|---|---|
| forfalla til skamms tíma og setur þá ráðherra samkvæmt tillögu forseta Hæstaréttar dómara til að taka sæti í því. Varadómari skal koma úr röðum fyrrverandi dómara en sé það ekki unnt þá úr röðum annarra sem fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti hæstaréttardómara, sbr. 2. og 3. mgr. 13. gr. Heimilt er að setja dómara samkvæmt ákvæði þessu þótt hann hafi náð 70 ára aldri.<br>☐ Nú eru allir hæstaréttardómarar vanhæfir til að skipa dóm í máli og skal þá ráðherra setja dómara í dóminn að tillögu nefndar sem starfar skv. III. kafla. Þegar dómurinn hefur verið settur velja varadómarar einn úr sínum hópi til þess að sitja þar í forsæti.<br>☐ Varadómari verður ekki leystur frá starfi í máli nema eftir sömu reglum og gilda um skipaða dómara.<br>☐ Hæstiréttur ákveður þóknun varadómara fyrir hvert mál sem hann situr í og greiðist hún úr ríkissjóði. | forfalla til skamms tíma og setur þá ráðherra samkvæmt tillögu forseta Hæstaréttar dómara til að taka sæti í því. Varadómari skal fullnægja skilyrðum til að skipa megi hann í embætti hæstaréttardómara, sbr. 2. og 3. mgr. 13. gr. ~~Varadómari skal koma úr röðum fyrrverandi dómara en sé það ekki unnt þá úr röðum annarra sem fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti hæstaréttardómara, sbr. 2. og 3. mgr. 13. gr.~~ Heimilt er að setja dómara samkvæmt ákvæði þessu þótt hann hafi náð 70 ára aldri.<br>☐ Nú eru allir hæstaréttardómarar vanhæfir til að skipa dóm í máli og skal þá ráðherra setja dómara í dóminn að tillögu nefndar sem starfar skv. III. kafla. Þegar dómurinn hefur verið settur velja varadómarar einn úr sínum hópi til þess að sitja þar í forsæti.<br>☐ Varadómari verður ekki leystur frá starfi í máli nema eftir sömu reglum og gilda um skipaða dómara.<br>☐ Hæstiréttur ákveður þóknun varadómara fyrir hvert mál sem hann situr í og greiðist hún úr ríkissjóði. |
| ■ **18. gr.**<br>*Leyfi dómara við Hæstarétt.*<br>☐ Dómara við Hæstarétt verður ekki veitt leyfi frá störfum af öðrum sökum en vegna veikinda í lengri tíma en tólf mánuði samfleytt.<br>☐ Ekki verður sett í embætti dómara á leyfistíma nema brýn nauðsyn krefji, svo sem vegna forfalla fleiri en eins dómara. Að fenginni tillögu nefndar sem starfar skv. III. kafla setur ráðherra dómara í embætti meðan á leyfi reglulegs dómara stendur. Settur dómari skal þá koma úr röðum fyrrverandi dómara en sé það ekki unnt þá úr röðum annarra sem fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti hæstaréttardómara, sbr. 2. og 3. mgr. 13. gr. Við setningu dómara til lengri tíma en sex mánaða skal embættið auglýst og við veitingu þess gætt ákvæða III. kafla.<br>☐ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að veita hæstaréttardómara leyfi frá störfum að eigin ósk í allt að sex ár til þess að hann geti tekið sæti í alþjóðlegum dómstóli eða starfi við alþjóðastofnun. Skal embættið þá auglýst | ■ **18. gr.**<br>*Leyfi dómara við Hæstarétt.*<br>☐ Dómara við Hæstarétt verður ekki veitt leyfi frá störfum af öðrum sökum en vegna veikinda í lengri tíma en tólf mánuði samfleytt.<br>☐ Ekki verður sett í embætti dómara á leyfistíma nema brýn nauðsyn krefji, svo sem vegna forfalla fleiri en eins dómara. Að fenginni tillögu nefndar sem starfar skv. III. kafla setur ráðherra dómara í embætti meðan á leyfi reglulegs dómara stendur. Settur dómari skal þá fullnægja skilyrðum til að skipa megi hann í embætti hæstaréttardómara, sbr. 2. og 3. mgr. 13. gr. ~~Settur dómari skal þá koma úr röðum fyrrverandi dómara en sé það ekki unnt þá úr röðum annarra sem fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti hæstaréttardómara, sbr. 2. og 3. mgr. 13. gr.~~ Við setningu dómara til lengri tíma en sex mánaða skal embættið auglýst og við veitingu þess gætt ákvæða III. kafla.<br>☐ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að veita hæstaréttardómara leyfi frá störfum að |

| | |
|---|---|
| laust til setningar á leyfistímanum en við veitingu þess skal gætt ákvæða III. kafla.<br>☐ Sá einn verður settur til að gegna embætti hæstaréttardómara sem fullnægir skilyrðum til að verða skipaður í það. Heimilt er að setja dómara skv. 2. mgr. þótt hann hafi náð 70 ára aldri. Meðan á setningu stendur nýtur sá sem hana hefur fengið sömu stöðu og skipaður dómari nema að því leyti sem leiðir af því að starfi hans er markaður ákveðinn tími. | eigin ósk í allt að sex ár til þess að hann geti tekið sæti í alþjóðlegum dómstóli eða starfi við alþjóðastofnun. Skal embættið þá auglýst laust til setningar á leyfistímanum en við veitingu þess skal gætt ákvæða III. kafla.<br>☐ Sá einn verður settur til að gegna embætti hæstaréttardómara sem fullnægir skilyrðum til að verða skipaður í það. Heimilt er að setja dómara skv. 2. mgr. þótt hann hafi náð 70 ára aldri. Meðan á setningu stendur nýtur sá sem hana hefur fengið sömu stöðu og skipaður dómari nema að því leyti sem leiðir af því að starfi hans er markaður ákveðinn tími. |
| **V. kafli. Landsréttur.**<br>■ **25. gr.**<br>*Varadómarar.*<br>☐ Nú geta færri en þrír landsréttardómarar tekið þátt í meðferð máls vegna vanhæfis, leyfis eða annarra forfalla til skamms tíma og setur þá ráðherra samkvæmt tillögu forseta Landsréttar dómara til að taka sæti í því. Varadómari skal koma úr röðum fyrrverandi dómara en sé það ekki unnt þá úr röðum annarra sem fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti landsréttardómara, sbr. 21. gr. Heimilt er að setja dómara samkvæmt ákvæði þessu þótt hann hafi náð 70 ára aldri.<br>☐ [Fullnægi enginn dómari við Landsrétt sérstökum hæfisskilyrðum til að fara með mál kveður forseti í einu lagi upp úrskurð um að þeir víki allir sæti í því.] [1)] Nú eru allir landsréttardómarar vanhæfir til að skipa dóm í máli og skal þá ráðherra skipa varadómara í dóminn að tillögu nefndar sem starfar skv. III. kafla. Þegar dómurinn hefur verið skipaður velja dómarar einn úr sínum hópi til þess að sitja þar í forsæti.<br>☐ Varadómara verður ekki vikið úr starfi nema eftir sömu reglum og gilda um skipaða dómara.<br>☐ Landsréttur ákveður þóknun varadómara fyrir hvert mál sem hann situr í og greiðist hún úr ríkissjóði. | **V. kafli. Landsréttur.**<br>■ **25. gr.**<br>*Varadómarar.*<br>☐ Nú geta færri en þrír landsréttardómarar tekið þátt í meðferð máls vegna vanhæfis, leyfis eða annarra forfalla til skamms tíma og setur þá ráðherra samkvæmt tillögu forseta Landsréttar dómara til að taka sæti í því. Varadómari skal fullnægja skilyrðum til að skipa megi hann í embætti landsréttardómara, sbr. 21. gr. ~~Varadómari skal koma úr röðum fyrrverandi dómara en sé það ekki unnt þá úr röðum annarra sem fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti landsréttardómara, sbr. 21. gr.~~ Heimilt er að setja dómara samkvæmt ákvæði þessu þótt hann hafi náð 70 ára aldri.<br>☐ [Fullnægi enginn dómari við Landsrétt sérstökum hæfisskilyrðum til að fara með mál kveður forseti í einu lagi upp úrskurð um að þeir víki allir sæti í því.] [1)] Nú eru allir landsréttardómarar vanhæfir til að skipa dóm í máli og skal þá ráðherra skipa varadómara í dóminn að tillögu nefndar sem starfar skv. III. kafla. Þegar dómurinn hefur verið skipaður velja dómarar einn úr sínum hópi til þess að sitja þar í forsæti.<br>☐ Varadómara verður ekki vikið úr starfi nema eftir sömu reglum og gilda um skipaða dómara.<br>☐ Landsréttur ákveður þóknun varadómara fyrir hvert mál sem hann situr í og greiðist hún úr ríkissjóði. |
| ■ **26. gr.** *Leyfi dómara við Landsrétt.*<br>☐ Dómara við Landsrétt verður ekki veitt | ■ **26. gr.** *Leyfi dómara við Landsrétt.*<br>☐ Dómara við Landsrétt verður ekki veitt |

| | |
|---|---|
| leyfi frá störfum af öðrum sökum en vegna veikinda í lengri tíma en tólf mánuði samfleytt.<br>☐ Ekki verður sett í embætti dómara á leyfistíma nema brýn nauðsyn krefji, svo sem vegna forfalla fleiri en eins dómara. Að fenginni tillögu nefndar sem starfar skv. III. kafla setur ráðherra dómara í embætti meðan á leyfi reglulegs dómara stendur. Settur dómari skal þá koma úr röðum fyrrverandi dómara en sé það ekki unnt þá úr röðum annarra sem fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti landsréttardómara, sbr. 21. gr. Við setningu dómara til lengri tíma en sex mánaða skal embættið auglýst og við veitingu þess gætt ákvæða III. kafla.<br>☐ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að veita landsréttardómara leyfi frá störfum að eigin ósk til allt að sex ára til þess að hann geti tekið sæti í alþjóðlegum dómstóli eða tekið við starfi við aðra alþjóðastofnun eða þegið setningu sem hæstaréttardómari. Skal embættið þá auglýst laust til setningar annars dómara á leyfistímanum en við veitingu þess skal gætt ákvæða III. kafla.<br>☐ Sá einn verður settur til að gegna embætti landsréttardómara sem fullnægir skilyrðum til að verða skipaður í það. Heimilt er að setja dómara skv. 2. mgr. þótt hann hafi náð 70 ára aldri. Meðan á setningu stendur nýtur sá sem hana hefur fengið sömu stöðu og skipaður dómari nema að því leyti sem leiðir af því að starfi hans er markaður ákveðinn tími. | leyfi frá störfum af öðrum sökum en vegna veikinda í lengri tíma en tólf mánuði samfleytt.<br>☐ Ekki verður sett í embætti dómara á leyfistíma nema brýn nauðsyn krefji, svo sem vegna forfalla fleiri en eins dómara. Að fenginni tillögu nefndar sem starfar skv. III. kafla setur ráðherra dómara í embætti meðan á leyfi reglulegs dómara stendur. Settur dómari skal þá fullnægja skilyrðum til að skipa megi hann í embætti landsréttardómara, sbr. 21. gr. ~~Settur dómari skal þá koma úr röðum fyrrverandi dómara en sé það ekki unnt þá úr röðum annarra sem fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti landsréttardómara, sbr. 21. gr.~~ Við setningu dómara til lengri tíma en sex mánaða skal embættið auglýst og við veitingu þess gætt ákvæða III. kafla.<br>☐ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að veita landsréttardómara leyfi frá störfum að eigin ósk til allt að sex ára til þess að hann geti tekið sæti í alþjóðlegum dómstóli eða tekið við starfi við aðra alþjóðastofnun eða þegið setningu sem hæstaréttardómari. Skal embættið þá auglýst laust til setningar annars dómara á leyfistímanum en við veitingu þess skal gætt ákvæða III. kafla.<br>☐ Sá einn verður settur til að gegna embætti landsréttardómara sem fullnægir skilyrðum til að verða skipaður í það. Heimilt er að setja dómara skv. 2. mgr. þótt hann hafi náð 70 ára aldri. Meðan á setningu stendur nýtur sá sem hana hefur fengið sömu stöðu og skipaður dómari nema að því leyti sem leiðir af því að starfi hans er markaður ákveðinn tími. |
| **VI. kafli. Héraðsdómstólar.**<br>**■ 29. gr.**<br>*Almenn hæfisskilyrði.*<br>☐ Dómarar í héraði eru 42 að tölu og skipaðir ótímabundið í embætti héraðsdómara af ráðherra.<br>☐ Þann einn má skipa í embætti héraðsdómara sem fullnægir þessum skilyrðum:<br>1. … [1)]<br>2. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.<br>3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu. | **VI. kafli. Héraðsdómstólar.**<br>**■ 29. gr.**<br>*Almenn hæfisskilyrði.*<br>☐ Dómarar í héraði eru 42 að tölu og skipaðir ótímabundið í embætti héraðsdómara af ráðherra.<br>☐ Þann einn má skipa í embætti héraðsdómara sem fullnægir þessum skilyrðum:<br>1. … [1)]<br>2. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.<br>3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu. |

| | |
|---|---|
| 4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu. | 4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu. |
| 5. Hefur hvorki [hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað sem framinn var eftir að hann varð fullra 18 ára] [2)] né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta. | 5. Hefur hvorki [hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað sem framinn var eftir að hann varð fullra 18 ára] [2)] né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta. |
| 6. Hefur lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraprófi í lögum. | 6. Hefur lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraprófi í lögum. |
| 7. Hefur í minnst þrjú ár verið alþingismaður eða stundað málflutningsstörf að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi hjá ríkinu eða sveitarfélagi en leggja má saman starfstíma í hverri af þessum greinum. | 7. Hefur í minnst þrjú ár verið alþingismaður eða ~~stundað málflutningsstörf að staðaldri eða~~ gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi ~~hjá ríkinu eða sveitarfélagi en~~ Leggja má saman starfstíma þessara greina. ~~í hverri af þessum greinum.~~ |
| 8. Telst vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar. | 8. Telst vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar. |
| ■ **35. gr.** | ■ **35. gr.** |
| *Leyfi héraðsdómara.* | *Leyfi héraðsdómara.* |
| ☐ Héraðsdómara verður ekki veitt leyfi frá störfum í lengri tíma samfleytt en tólf mánuði nema vegna veikinda. Dómstólasýslan getur þó veitt undanþágu til leyfis í lengri tíma, til mest tólf mánaða í senn, ef dómari leitar eftir því til náms. | ☐ Héraðsdómara verður ekki veitt leyfi frá störfum í lengri tíma samfleytt en tólf mánuði nema vegna veikinda. Dómstólasýslan getur þó veitt undanþágu til leyfis í lengri tíma, til mest tólf mánaða í senn, ef dómari leitar eftir því til náms. |
| ☐ Heimilt er að setja héraðsdómara vegna leyfa skipaðra dómara en þó aldrei til skemmri tíma en tólf mánaða nema um sé að ræða leyfi dómara við héraðsdómstól þar sem þrír eða færri dómarar starfa. Að fenginni tillögu nefndar sem starfar skv. III. kafla setur ráðherra héraðsdómara í embætti. Við setningu dómara til lengri tíma en sex mánaða skal embættið auglýst og við veitingu þess gætt ákvæða III. kafla. | ☐ Ekki verður sett í embætti héraðsdómara á leyfistíma nema brýn nauðsyn krefji, svo sem vegna forfalla fleiri en eins dómara, og dómstólasýslan mæli með því. ~~Heimilt er að setja héraðsdómara vegna leyfa skipaðra dómara en þó aldrei til skemmri tíma en tólf mánaða nema um sé að ræða leyfi dómara við héraðsdómstól þar sem þrír eða færri dómarar starfa.~~ Að fenginni tillögu nefndar sem starfar skv. III. kafla setur ráðherra héraðsdómara í embætti. Við setningu dómara til lengri tíma en sex mánaða skal embættið auglýst og við veitingu þess gætt ákvæða III. kafla. |
| ☐ Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er heimilt að veita héraðsdómara leyfi að eigin ósk frá störfum til allt að sex ára til þess að hann geti tekið sæti í alþjóðlegum dómstóli eða tekið við starfi við aðra alþjóðastofnun eða þegið setningu sem landsréttardómari eða hæstaréttardómari. Skal embættið þá auglýst laust til setningar annars dómara á leyfistímanum en við veitingu þess skal gætt ákvæða III. kafla. | ☐ Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er heimilt að veita héraðsdómara leyfi að eigin ósk frá störfum til allt að sex ára til þess að hann geti tekið sæti í alþjóðlegum dómstóli eða tekið við starfi við aðra alþjóðastofnun eða þegið setningu sem landsréttardómari eða hæstaréttardómari. Skal embættið þá auglýst laust til setningar annars dómara á |
| ☐ Sá einn verður settur til að gegna embætti héraðsdómara sem fullnægir skilyrðum til að fá skipun í það. Meðan á setningu stendur | |

| | |
|---|---|
| nýtur sá sem hana hefur fengið sömu stöðu og skipaður dómari. | leyfistímanum en við veitingu þess skal gætt ákvæða III. kafla.<br>☐ Sá einn verður settur til að gegna embætti héraðsdómara sem fullnægir skilyrðum til að fá skipun í það. Meðan á setningu stendur nýtur sá sem hana hefur fengið sömu stöðu og skipaður dómari. |